

Nd.

185. Nefndarálit

[100. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. l. nr. 7/1963, l. nr. 76/1967, l. nr. 10/1974, l. nr. 85/1974 og l. nr. 76/1975.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og fengið til fundar við sig Hallgrím Snorrason frá Þjóðhagsstofnuninni til þess að fá upplýsingar varðandi kostnað við upphitun húsa eftir hitagjafa.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Minni hlutinn skilar sér-áliti, en meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGARTILLÖGU:

2. gr. frumvarpsins orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 9 27. febrúar 1976, um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Alþingi, 14. des. 1976.

Ólafur G. Einarsson,
form., frsm.

Lárus Jónsson,
fundaskr.

Ey. Kon. Jónsson.

Þórarinn Þórarinsson.